

Ed.

1091. Nefndarálit

[442. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. félagsmálanefndar neðri deildar unnu nefndir beggja deilda saman að athugun frv. Meiri hl. er í öllum meginatriðum samþykkur álit meiri hl. félagsmálanefndar neðri deildar en vill þó árétta nokkur atriði:

Meiri hl. telur ekki nauðsynlegt að setja í frv. ákvæði um ráðstöfun þeirra 300 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar að verði varið til aðgerða til lausnar á greiðsluferfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði árið 1980 eða síðar. Meiri hl. telur hins vegar mikilvægt að þeirri aðstoð, sem í ráðstöfun þessa fjár felst, verði hraðað.

Þá leggur meiri hl. áherslu á að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið húsbyggjendum og kaupendum um lengingu lánstíma í bönkum og sparisjóðum.

Meiri hl. vill enn fremur minna á að fjárhagsstaða lífeyrissjóða getur verið misjöfn vegna annarra skuldbindinga.

Loks vill meiri hl. nefndarinnar benda á að taka þarf til athugunar rétt þeirra til húsnæðislána sem minnka við sig í húsnæði.

Magnús H. Magnússon sat fundi nefndarinnar um málið.

Alþingi, 23. apríl 1986.

Davíð Aðalsteinsson,
form., frsm.

Sturla Böðvarsson.

Björn Dagbjartsson.

Helgi Seljan.

Salome Porkelsdóttir. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
með fyrirvara.